

**GJALDSKRÁ****yfir gjald af einkasöluvörum.**

Áhöfnum og farþegum sem við komu til landsins hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er án greiðslu gjalda, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 362/1975, skal heimilt að greiða einkasölugjald samkvæmt gjaldskrá þessari af því magni sem umfram er, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu áður en tollskoðun hófst á farangri viðkomandi:

A. Áfengi:	0,375 l	0,75 l
1. Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouth og aperitivar	kr. 500	1000
2. Íslenskar áfengistegundir .....	— 1350	2450
3. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, rom, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a. ....	— 2150	3600
<b>B. Tóbak:</b>		
1. Reyktóbak .....	kr. 2400 pr. tylft eða lb.	
2. Vindlingar .....	— 1850 pr. karton	
3. Smávindlar .....	— 200 pr. 10 stk.	
Meðalstærð .....	— 600 pr. 25 stk.	
Vindlar aðrir .....	— 1000 pr. 25 stk.	

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 5. mgr. 76. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollaeftirlit til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 107/1976 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 10. febrúar 1977.*

**F. h. r.**

**Þorsteinn Geirsson.**

*Björn Hafsteinsson.*

**GJALDSKRÁ****Hitaveitu Mosfellshrepps.****I. KAFLI****1. gr.**

Hitaveita Mosfellshrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellssveit og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærslu-æð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellshrepps.

**2. gr.**

Hitaveita Mosfellshrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar, fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur.